

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um fjölda og starfssvið lögreglumanna.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hver hefur fjöldi fastráðinna og lausráðinna lögreglumanna verið á árabílinu 2007–2016 og hversu margir hafa á sama tíma annars vegar farið á eftirlaun og hins vegar hætt störfum af öðrum ástæðum?
2. Hve margir lögreglumenn voru að störfum í hverju löggæsluumdæmi árabílið 2007–2016 og hvert var hlutfall lögreglumanna á íbúa í hverju umdæmi ár hvert?
3. Hver hefur starfsmannavelta hjá lögreglunni verið í löggæsluumdæmum landsins undanfarin þrjú ár?
4. Hvernig er aldurssamsetning fastráðinna lögreglumanna og hversu hátt hlutfall þeirra nær eftirlaunaaldri á næstu fimm árum?
5. Hefur fjölgun ferðamanna undanfarin ár haft áhrif á fjölda og staðsetningu lögreglumanna og tilhögun starfa þeirra og ef svo er, hvaða áhrif?
6. Telur ráðherra að fjöldi lögreglumanna, búnaður þeirra og verksvið hafi þróast í samræmi við þær breytingar sem hafa orðið á samfélaginu undanfarin ár, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna? Sér ráðherra fyrir sér breytingar á lögreglumálum af þeim sökum?

Skriflegt svar óskast.